



Menntaskólinn á Egilsstöðum

Ársskýrsla 2017

Nokkur helstu atriði í starfsemi ME árið 2017:

1. Starfsemi ársins í tölum Húsnæði og lóð:

Kennsluhús ME er 2047 m² og heimvistar- og mötuneytishús er 3636 m². Kennaraíbúðir eru 363 m². Stærð lóðar 47.650 m² (skv fasteignamati).

2. Starfsmenn:

Við skólann starfa 25 kennarar í 23,75 stöðugildum, þar af eru 15 konur í 14 stöðugildum og 10 karlar í 9,75 stöðugildum. Aldurssamsetning kennara er með þeim hætti að 15% þeirra eru eldri en 55 ára. 87% kennara er með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Hlutfall yfirstjórnar (skólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og náms- og starfsráðgjafar) yngri en 55 ára er 100%.

Kynjaskipting yfirstjórnar er 3 konur í 2,4 stöðugildum og 2 karlar í 2 stöðugildum.

89% kennara er með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Hlutfall yfirstjórnar (skólam., aðstoðarskólam., áfangastj., fjármálastj. og náms- og starfsráðgjafar) yngri en 55 ára er 100%. Til viðbótar voru 2 kennarar í launalausum leyfi uppá 1,5 stöðugildi. Á haustönn fóru tveir kennarar í 100% námsorlof hvor og var ráðið í þeirra stað. Í náms og félagsráðgjöf voru aðeins 1 stg. á vor og haustönn. Aðrir starfsmenn en kennarar voru 10 í 8,8 stg þar af 4 starfsmenn í ræstingum í 2,5 stg. og í mötuneyti skólans störfuðu 5 í u.p.b. 3,5 stg.

3. Nemendafjöldi: Í upphafi vorannar 2017 voru 242 nemendur skráðir í dagskóla og 358 í fjarnám en á haustönn 2017 voru 260 skráðir í dagskóla við upphaf annar og 309 í fjarnám. Ársnemendur 2017 voru 307.

4. Heimavist: Við upphaf vorannar voru 78 nemendur skráðir á heimavist ME vist en 3 hættu á önninni. Á haustönn voru 74 skráðir á vist en 3 hættu á önninni.

5. Námsframboð: Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á mála-, félagsgreina-, listnáms- og náttúrufræðibraut eftir nýrri skólanámskrá frá 2014. Einnig eru keyrðar starfsbraut (4 ár) og framhaldsskólabraut (1-2 ár).

6. Fjarnám í ME: Skólinn býður uppá öflugt fjarnám í nær öllum áföngum á stúdentsbrautum. Aðsókn í fjarnámið hefur verið mjög mikil síðustu árin og þakka menn það spennarkerfi skólans sem gefur kost á mun þéttara námi (7 vikna kennslu) og fjórum innkomum inní fjarnámið í stað tveggja í nær öllum öðrum skólum. Einnig eru kennarar mjög meðvitaðir um að veita fjarnemum skjóta og góða þjónustu.

Skráðir áfangar á skólaárinu 2017 voru 1236 og fjarnámsnemendur voru 667 frá öllum landshornum og þónokkrir stunduðu fjarnám sitt erlendis frá. Ársnemar skólans í fjarnámi 2017 voru um 30 talsins.

7. **Þróunarverkefni:** Kennarar skólans eru á öðru ári í þróunarverkefni sem miðar að því að efla leiðsagnarnám í ME. Fyrstu skrefin voru tekin með námskeiði kennara í London júní 2016 og síðan var unnið skipulega í þessu verkefni allt skólaárið undir stjórn Sólveigar Zophonías-dóttur frá HA. Meðal þess sem hefur breyst eru að námsmatsdagar hafa leyst prófadaga af hólmi. Ennfremur er mun meiri áhersla á jafna verkefnavinnu og símat en áður.

Skólinn fékk styrk frá sprotasjóði um mitt ár 2016 vegna verkefnisins **Listmenntun til sjálfbærni – listasmíðjur** sem snýr að listsköpun með sjálfbærni að leiðarljósi þar sem ungt listafólk úr fjórðungnum vinnur með nemendum Listnámsbrautar ME og ýmsum öðrum aðilum/hópum úr samfélaginu á sem fjölbreyttastan hátt í skapandi greinum; sjónlistum, tónlist og sviðslistum. Styrkupp hæð var um 2.500.000 kr. Hluti verkefnisins kláraðist á síðasta ári og því mun ljúka nú í lok apríl 2018.

Skólinn er ennfremur aðili að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Meginmarkið verkefnisins er að stuðla, með markvissum hætti, að velferð og góðri heilsu nemenda skólans jafnt sem starfsfólks.

8. **Mat á skólastarfi 6.1 Innra mat:**

Starfshópur um innra mat starfar við skólann. Verkefnisstjóri er Jón Ingi Sigurbjörnsson. Hópurinn gefur árlega út skýrslu um störf sín og eru þær aðgengilegar á vefsíðu skólans ásamt skýrslum um niðurstöður flestra kannana. Helstu verkefni hópsins árið 2017 voru:

- a) Könnun á viðhorfum og líðan kennara í maí 2017
- b) Áfangamatskönnun í nóv 2017
- c) Matskönnun lögð fyrir nemendur í nóvember 2017
- d) Matskönnun lögð fyrir fjarnemendur í nóvember 2017

9. **Ytra mat og aðfengnar kannanir:**

Könnun SFR, „Stofnun ársins“, meðal starfsmanna kom nokkuð vel út fyrir starfsfólk skólans þetta árið og bætti skólinn sig í flestum þáttum könnunarinnar. Þá skýrslur má sjá hér og hér.

10. **Umbótaáætlun í kjölfar mats:** Í kjölfar ytra mats könnunar á starfsemi ME, var mótuð umbótaáætlun næsta skólaárs fyrir ME undir stjórn Elínar Ránar mannauðsstjóra.

Markmið umbótaáætlunar er að treysta þá þætti í skólastarfinu sem komu ekki nógu vel út úr matsskýrslu og eins að reyna að auka gæði skólastarfsins og þeirrar þjónustu sem ME stendur fyrir. Meðal annars hafa stefnur verið endurskoðaðar, verkefnum á vegum nemendþjónustu hrundið í framkvæmd og fleira og fleira Umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2017 - 2018 má lesa hér

11. **Starfsbraut og þjónusta við nemendur með sérstakar þarfir:** Tólf nemendur voru skráðir á starfsbraut við skólann á vorönn 2017 en haustið 2017 hafði þeim fækkað í 10.

Á vegum Nemendþjónustu ME er nemendum veitt margháttuð þjónusta bæði almenn og sértæk. Meðal viðfangsefna NPME eru sértækir námserfiðleikar, athyglisbrestur með eða án ofvirkni, sálfélagslegir örðugleikar, heilsufarslegur vandi og fatlaðir nemendur.

12. **Rekstur heimavistar og mötuneytis:** Fækkun á heimavist skólans á árunum 2009-2012 þrengdi að rekstri mötuneytis skólans. Við því var brugðist með því að draga úr starfsmannahaldi eins og mögulegt er og ítrasta aðhaldi beitt á öllum sviðum rekstursins. Aðgerðir þessar skiluðu því að rekstrarárin 2011-2012 og 2012-2013 voru hallalaus og tekist hefur að mynda varasjóð síðustu rekstrarár. Tap mötuneytis nam 1 miljón króna á skólaárinu 2016-2017 en uppsafnaður varasjóður dekkar þann halla.

Rekstrarafkoma heimavistar og mötuneytis er nátengd fjölda heimavistarbúa. heimavistarbúar haustið 2017 voru 78 sem er um 20 færri namar en árið á undan. Alltaf er nokkur fækkun á vist frá upphafi til loka annar. Heimavist ME tekur fullsetin 117 íbúa og nýtingarhlutföll 2017 voru tæplega 70% vor og haust. Ekki er búist við aukinni aðsókn að heimavist á næstu árum, einkum vegna sífellt betri samgangna í fjórðungnum.

13. **Starfsmannamál:** Vor og haust 2017 störfuðu 37 kennarar og stjórnendur við ME. Aðrir starfsmenn voru 10. Í Mötuneyti ME störfuðu 5 starfsmenn vor og haust. Breytingar á starfslíði á árinu voru þessar helstar: Björn Gísli Erlingsson sögukennari og Marianna Jóhannsdóttir íslenskukennari og kennslustjóri starfsbrautar fengu launað námsleyfi skólaárið 2017-18. Í þeirra stað komu þau Þórður Mar Þorsteinsson sögukennari og Ólöf Björg Óladóttir þroskaþjálfari. Ólöf Björk Bragadóttir listgreinakennari kom úr launalausum leyfi til starfa á haustönn. Ingibjörg Haraldsdóttir (ræstingar) lét af störfum eftir eftir tæplega 40 ára störf við stofnunina vor 2017.

Nýráðningar kennara fyrir skólaárið 2017-2018: Dagur Skírnir Óðinsson leiðbeinandi í félagsgreinum var ráðinn áfram í afleysingar fyrir Jón Inga Sigurbjörnsson sem var í áframhaldandi veikindaleyfi á haustönn 2017. Eyrún Arnardóttir var ráðin í efnafræðikennslu við skólann í stað Jónu Bjarnadóttir. Soffía Ingvarsdóttir, leiðbeinandi (stærðfræði), var endurráðin til eins árs. Þórhildur Þöll Pétursdóttir kennari var ráðin í stað Freyju Kristjánsdóttir sem tók launalaust leyfi þetta skólaár. Sandra Rut Skúladóttir leiðbeinandi (lífsleikni og uppeldisfræði) var einnig ráðin til eins. Stundakennarar gegnum fjarnám voru Sigurður Mar Halldórsson (ljósmyndun) og Sigurður Max Jónsson (Jarð og umhverfisfræði).

14. **Samstarf:** Skólinn er aðili að Fjarmenntaskólanum ásamt 12 öðrum framhaldsskólum í dreifbýli. Skólarnir standa m.a. að framboði ýmissa starfsnámsbrauta með dreifnámssniði. Hér má sjá upplýsingar um tilurð og starfsemi [fjarmenntaskólans](#). Samstarf um rekstur kennsluvefs (Moodle) er við FAS, VA, FH og Austurbrú. ME er annars einn af stofnaðilum Austurbrúar. ME er einnig stofnaðili að STARFA – starfsendurhæfingu Austurlands.

Frá miðju ári 2012 hefur ME átt samstarf við sveitarfélagið Fljótsdalshérað um stöðu vekefnisstjóra sviðslista þar sem skólinn hefur lagt til hálfu stöðu á mótum sveitarfélaginu. Verkefnastjóri sviðslista hefur m.a. lagt grunn að sviðslistalínu á listabraut ME.

Vorið 2017 var leiklistarkennsla í höndum Írisar Lindar Sævarsdóttir verkefnastjóra sviðslista og þáverandi listakennara við menntaskólann. Sett var upp leikverkið Ronja Ræningjadóttir á vordögum og sýningar voru í sláturhúsinu, menningarhúsi Fljótsdalshéraðs.

Haustið 2017 var leiklistarnámskeið við skólann í höndum utankomandi leikstjóra, Árna Grétars Jóhannssonar. Hann sér einnig um uppfærslu á leikriti skólaársins Wake me up í leikgerð Hallgríms Helgasonar sem verður frumsýnt um miðjan febrúar 2018.

Skólinn hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra verkefna á síðustu árum. Vorið 2016 lauk yfir 20 ára samstarfi um gagnkvæmar nemendaheimsóknir við Max Planck Gymnasium í Trier. Menntaskólanemar í þýsku höfðu farið út til Trier annað hvert ár og á móti komu þeirra nemendur í jarðfræði komið til Íslands.

Árið 2017 var tíðindalítið hvað varðaði alþjóðlegt samstarf. Skólinn lagði inn umsókn um erlent samstarfsverkefni sem var hafnað en skólinn mun aftur stýra stýra erlendu samstarfsverkefni nokkura skóla í Evrópu sem hefst árið 2018.

15. **Fjármál og rekstur:** Samkvæmt bráðabirgða ársreikningi fyrir árið 2017 varð hagnaður ársins um 23.747.726,- kr. á móti hagnaði árið 2016 upp á 3.316.992,- kr.

Til viðbótar við fjárveitingu ársins samkvæmt fjárlögum (470.500.000 kr.) komu 16.522.557 milj kr. í gegnum millifærslur og uppgjör. Fjárveitingar 2017 miðuðust við 291 ársnemendur en reiknaðir ársnemendur reyndust 300 á vorönn og 312 á haustönn þegar upp var staðið. Ársnemar 2017 voru 307.

Egilsstöðum 10. febrúar 2017

Árni Ólason skólameistari ME



MENNTASKÓLINN
Á EGILSSTÖÐUM